

**12. fundur Nefndar um byggingu slökkvistöðvar í Skutulsfirði
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, föstudaginn 27.
febrúar 2026 og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Sigurður Arnar Jónsson aðalmaður, Sveinn Hermann Þorbjörnsson aðalmaður,
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir aðalmaður og Axel Rodriguez Överby aðalmaður.

Embættismenn:

Eypór Guðmundsson, starfsmaður.

Fundargerð ritaði: Axel Rodriguez Overby, Sviðsstjóri Umhverfis- og eignasviðs.

Dagskrá:

1. Ný slökkvistöð - Hönnun og útboð - 2024120087

Lögð eru fram drög að útboðsgögnum vegna útboðs á fyrsta áfanga framkvæmda við nýja slökkvistöð á Suðurtanga, sem tekur til burðarvirkis mannvirkisins. Jafnframt fylgja málinu útboðslýsing, verklýsing og uppdrættir auk kostnaðaráætlunar frá Glóru ehf. dagsett 20. apríl 2026.

Lagt er til að nefndin vísi málinu til bæjarráðs til samþykktar, með það að markmiði að fá heimild til að fara í útboð og hefja innkaupaferli verksins á grundvelli fyrirliggjandi útboðsgagna.

Nefnd um byggingu slökkvistöðvar leggur til við bæjarráð að heimila sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs að hefja útboðsfasa með tilliti til fyrirliggjandi gagna.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:30

Sigurður Arnar Jónsson

Sveinn Hermann Þorbjörnsson

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

Axel Rodriguez Överby

Eyþór Guðmundsson